

Fundargerð

19. Fundur Heklnnar, atvinnupróunarfélags Suðurnesja haldinn 10. ágúst 2012 kl. 11:00 í Eldey, Grænásbraut 506, 235 Reykjanesbæ.

Mætt: Árni Sigfússon formaður, Sigrún Árnadóttir, Magnús Stefánsson, Ásgeir Eiríksson, Gunnar Ellert Geirsson, Kjartan Eiríksson og Berglind Kristinsdóttir framkvæmdastjóri. Róbert Ragnarsson boðaði forföll.

1. Mál Tilnefning í stjórn Heklnnar

Magnús Stefánsson bæjarstjóri í Garði hefur verið tilnefndur í stjórn og er hann boðinn velkominn til starfa.

2. mál Drög að samþykkt fyrir KERR

Drög að samþykkt fyrir KERR, kennslu- og rannsóknarmiðstöð Reykjanes lögð fram til kynningar. Fram kom á fundinum að sveitarfélög hafa lýst yfir vilja til að vinna að þessu verkefni.

3. mál Stofnun jarðvangs á Reykjanesi

Fundargerð samstarfsnefndar um stofnun jarðvangs á Reykjanesi 21. mars 2013 lögð fram.

4. mál Erindi N4

Tölvupóstur frá Ruth Bergsdóttur f.h. N4 dags. 27.06.2012.

Tekið vel í erindið óskað eftir frekari upplýsingum.

5. mál Atvinnuleysistödlur

Samkvæmt skýrslu Vinnumálastofnunar um stöðu á atvinnumarkaði í júní 2012 þá voru 897 atvinnulausir í lok mánaðar á Suðurnesjum – 416 karlar, 481 konur og mælist atvinnuleysi því 7,5%. Atvinnulausir í júní 2011 voru 1313 eða 10,6%. Atvinnuleysi hefur ekki mælst minna á Suðurnesjum síðan í desember 2008. Skipting eftir sveitarfélögum er eftirfarandi: Grindavík 8,14%, Reykjanesbær 70,79%, Sandgerði 10,26%, sveitarfélagið Garður 4,46% og sveitarfélagið Vogar 6,35%.

Sjónir beinast að þeim hópi sem hefur lengst verið á atvinnuleysisskrá. Stjórn samþykkir að leita eftir því við Vinnumálastofnun að fá upplýsingar sundurgreindar um fjölda þeirra sem hafa verið atvinnulausir tvö ár eða lengur, miðað við júní ár hvert.

6. mál Staða verkefna Heklnnar

Farið var yfir verkefnastöðu Heklnnar.

7. mál Önnur mál

a) Berglind Kristinsdóttir kynnti stöðu IPA styrkja.

b) Ásgeir Eiríksson kynnti útboð á almenningsamgöngum á Suðurnesjum.

Fleira ekki gert og fundi slitið. Næsti fundur verður haldinn 7. september.

Mætt: Árni Sigfússon formaður, Sigrún Árnadóttir, Ásmundur Friðriksson og Gunnar Ellert Geirsson
Róbert Ragnarsson, Kjartan Eiríksson, Ásgeir Eiríksson og Berglind Kristinsdóttir framkvæmdastjóri.

1. mál Kynning á íslenska sjávarklasanum.

Þór Sigfússon kynnti verkefnið. Stefnt að kynningarfundum fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi n.k. haust og kortleggja fyrirtæki í þessum greinum. Einnig er stefnt að skipulagningu kynninga í efstu stigum grunnskóla komandi haust.

2. mál Kynning á stöðu ímyndarverkefnis

Dagný Gísladóttir kynnti stöðu verkefnisins og Jóna Karen Sverrisdóttir frá Capacent kynnti könnun á ímynd Suðurnesja.

3. mál Atvinnuleysistödlur

Atvinnulausir á Suðurnesjum voru samtals 1.259 23. apríl, 601 konur og 658 karlar. Skipting milli sveitarfélaga er eftirfarandi: Reykjanesbær 867, Sandgerði 127, Garður 71, Vogar 74, Grindavík 92.

4. mál Staða verkefna

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu verkefna.

5. mál Önnur mál

-María Lóa Friðjónsdóttir hefur sagt upp störfum frá og með 1. maí 2012.

- Næsti fundur verður haldinn í lok júní.

Fleira ekki gert og fundi kl. 13:00.